

# Fræðslubríf um vinnslu persónuupplýsinga í akstursþjónustu

Fræðslubrífi þessu er ætlað að tryggja skráðum aðilum lögboðna fræðslu um vinnslu Hópbíla á persónuupplýsingum í þágu akstursþjónustu fatlaðs fólks. Markmið fræðslubrífisins er að veita upplýsingar um hvernig er unnið með persónuupplýsingar, í hvaða tilgangi, á hvaða lagagrundvelli og hvað er gert við þær. Að öðru leyti vísast til persónuverndarstefnu Hópbíla.

Vinnsla persónuupplýsinga er nauðsynlegur þáttur í framkvæmd akstursþjónustu fatlaðs fólks. Mikið er lagt upp úr því að vernda persónuupplýsingar og að meðferð þeirra sé almennt í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlög). Öll vinnsla persónuupplýsinga í þágu akstursþjónustu fatlaðs fólks fer ávallt fram í skýrum, lögmætum og málefnalegum tilgangi og þá skal þess gætt að upplýsingarnar séu viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er.

## **Ábyrgðaraðili**

Ábyrgðaraðili er Hópbílar hf., Melabraut 18, 220 Hafnarfirði. Hægt er að hafa samband með því að hringja í síma 599-6084 eða með tölvupósti á [pontun@hopbilar.is](mailto:pontun@hopbilar.is). Í þeim tilvikum þar sem Hópbílar starfar sem vinnsluaðili á vegum annars aðila ber sá aðili ábyrgð á vinnslunni sem ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga.

## **Hvaða vinnsla fer fram í þágu akstursþjónustu og í hvaða tilgangi?**

Megintilgangur vinnslu persónuupplýsinga í þágu akstursþjónustu Hópbíla er að veita fötluðu fólki lögbundna þjónustu samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Í akstursþjónustu fatlaðs fólks vinna Hópbílar persónuupplýsingar um notendur akstursþjónustu og eftir atvikum tengiliði þeirra eða forráðamenn. Aðeins er safnað upplýsingum sem eru nauðsynlegar og viðeigandi hverju sinni og ræðst það af eðli sambandsins sem er á milli Hópbíla og einstaklingsins sem um ræðir hvaða upplýsingar það eru. Þannig er Hópbíla nauðsynlegt að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar um notendur akstursþjónustu fatlaðs fólks, en þar undir falla m.a. upplýsingar um heilsuhagi, á meðan öll vinnsla persónuupplýsinga um tengiliði þeirra og forráðamenn einskorðast við almennar persónuupplýsingar.

Vinnsla Hópbíla á almennum persónuupplýsingum í akstursþjónustu fer almennt fram á grundvelli samnings við skráðan einstakling, lagaskyldu eða lagaheimildar, og verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds. Þá fer vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga einungis fram ef uppfyllt eru lagaskilyrði fyrir slíkri vinnslu, s.s. með vísan til 2. og 7. tl. 11. gr. persónuverndarlaga.

Hér að neðan má sjá útlíun á vinnslum persónuupplýsinga í akstursþjónustu, þ.m.t. hvaða persónuupplýsingar er unnið með og lagagrundvöll sérhverrar vinnslu:

Vinnslur Hópbíla á persónuupplýsingum í akstursþjónustu sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmdar samnings skv. 2. tl. 9. gr. persónuverndarlaga:

- **Meðferð persónuupplýsinga við notkun á vefgátt akstursþjónustu á grundvelli sérstakra skilmála um mínar síður, s.s. skráning upplýsinga við stofnun aðgangs og söfnun upplýsinga við almenna notkun.** Unnið er með nafn notanda, kt., símanúmer og netfang. Eftir atvikum er unnið með nafn tengiliðs eða forráðamanns notanda og símanúmer.

Vinnslur Hópbíla á persónuupplýsingum í akstursþjónustu sem nauðsynlegar eru til að fullnægja kröfum laga og við beitingu opinbers valds skv. 3. og 5. tl. 9. gr. persónuverndarlaga:

- **Móttaka og skráning grunnupplýsinga um einstaklinga og tengiliði þeirra frá viðkomandi sveitarfélagi.** Unnið er með nafn notanda, kt., heimilisfang, símanúmer, netfang, ljósmynd, fjöldi úthlutaðra ferða og eftir atvikum upplýsingar um þjónustubörf, sérþarfir, hjálpartæki og fylgdarmann eigi það við. Þá er jafnframt unnið með upplýsingar um skráða tengiliði notanda, þ.e. nafn tengiliðs, símanúmer, netfang og upplýsingar um tengsl hans við notanda.
- **Móttaka og afgreiðsla ferðapantana notanda akstursþjónustu.** Unnið er með nafn notanda, kt., heimilisfang, sveitarfélag, símanúmer, netfang, auk upplýsinga um þá ferð sem um ræðir, s.s. dagsetningu, tímasetningu, brottfararstað, áfangastað og áætlaðan ferðatíma. Þá er jafnframt unnið með upplýsingar um nöfn þeirra sem panta ferð fyrir hönd notanda, s.s. aðstandenda eða velferðar- og þjónustuaðila.
- **Birting ferðaáætlana og rauntíma bíls fyrir notendum akstursþjónustu í gegnum vefgátt akstursþjónustu.** Unnið er með nafn notanda, ferðaáætlun viku fram í tímann, þ.e. áætlaðan brottfarar- og komutíma, staðsetningu, þ.e. hvaðan og hvert sé farið. Þá er jafnframt unnið með rauntímastað setningu og númer bíls.
- **Birting ferðaáætlana notanda akstursþjónustu fyrir velferðar- og þjónustuaðilum þeirra í gegnum vefgátt akstursþjónustu.** Unnið er með nafn notanda, ferðaáætlun viku fram í tímann, þ.e. áætlaðan brottfarar og komutíma og staðsetningu, þ.e. hvaðan og hvert sé farið.
- **Birting rauntímastaðsetningu ferða notanda akstursþjónustu fyrir velferðar- og þjónustuaðilum þeirra í gegnum vefgátt akstursþjónustu.** Unnið er með nafn notanda, áætlaðan brottfarar- og komutíma, staðsetningu, þ.e. hvaðan og hvert sé farið og rauntímastaðsetningu og númer bíls.
- **Varðveisla persónuupplýsinga á grundvelli laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og laga nr. 145/1994 um bókhald.**

### **Hvaðan berast persónuupplýsingar í akstursþjónustu?**

Vinnsla persónuupplýsinga er forsenda þess að Hópbílar geti sinnt hlutverki sínu við framkvæmd hinnar lögbundnu akstursþjónustu. Persónuupplýsingar berast bæði frá notendum akstursþjónustu, frá tengiliðum eða forráðamönnum þeirra og frá hlutaðeigandi sveitarfélögum á höfuborgarsvæðinu.

Hópbílum er nauðsynlegt að veita grunnupplýsingum um notendur akstursþjónustu viðtöku frá hlutaðeigandi sveitarfélagi. Þannig er grunnupplýsingum notenda, sem sveitarfélögin safna með umsókn um akstursþjónustu, miðlað til Hópbíla í kjölfar mats á rétti viðkomandi til þjónustunnar. Hópbílar safna jafnframt nauðsynlegum upplýsingum beint frá notendum sjálfum, s.s. við móttöku ferðapantana í gegnum síma eða vefsíðu akstursþjónustunnar. Neiti einstaklingur að afhenda Hópbílum persónuupplýsingar eða andmælir vinnslu þeirra getur það haft áhrif á það hvort eða hvernig Hópbílar veitir viðkomandi þjónustu.

### **Til hverra er persónuupplýsingum miðlað í akstursþjónustu?**

Hópbílum kann að vera nauðsynlegt að afhenda persónuupplýsingar til utanaðkomandi aðila. Þannig geta aðilar sem veita Hópbílum þjónustu á sviði upplýsingatækni og á öðrum sviðum haft aðgang að persónuupplýsingum sem eru til vinnslu af hálfu Hópbíla í samræmi við gerða þjónustusamninga og vinnslusamninga.

Hópbílar afhendir ekki persónuupplýsingar til utanaðkomandi aðila nema á grundvelli lagaheimildar, stjórnvaldsfyrirmæla, dómsúrskurðar, skriflegs vinnslusamnings eða samþykki hins skráða. Meðal aðila sem Hópbílar afhendir persónuupplýsingar eru velferðar- og þjónustuaðilar notenda akstursþjónustu, fyrirtæki sem annast rekstur og hýsingar upplýsingakerfa, fyrirtæki sem annast akstur fatlaðra, hlutaðeigandi sveitarfélög og aðrir lögaðilar sem er lögum samkvæmt skylt að afhenda persónuupplýsingar.

### **Varðveislutími persónuupplýsinga í akstursþjónustu**

Hópbílar er afhendingaskyldur aðili á grundvelli laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Hópbílum er óheimilt að farga eða eyða nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna, nema með heimild Þjóðskjalasafns. Almennt eru persónuupplýsingar því afhentar Borgarskjalasafni að 30 árum liðnum. Að öðru leyti varðveita Hópbílar persónuupplýsingar í samræmi við skyldur sínar samkvæmt lögum nr. 145/1994 um bókhald.

### **Réttindi vegna vinnslu og varðveislu persónuupplýsinga í akstursþjónustu**

Hópbílar gæta þess við alla vinnslu persónuupplýsinga að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að hinir skráðu geti neytt réttinda sinna samkvæmt persónuverndarlögum.

Hinir skráðu skulu eiga rétt á að vita hvort og þá hvaða upplýsingar Hópbílar vinnur um þá og geta eftir atvikum óskað eftir afriti af þeim persónuupplýsingum enda standi hagsmunir annarra því ekki í vegi. Þá skulu þeir eiga kost á að óska eftir vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga sem þá varðar og þeim skal standa til boða að andmæla vinnslu persónuupplýsinga ef svo á við. Hinir skráðu eiga einnig rétt á að óska þess að rangar, villandi eða ófullkomnar persónuupplýsingar um sig sæti leiðréttingu, lokað verði fyrir notkun þeirra eða þeim eytt, eftir því sem lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn heimila.

Sé unnt að verða við beiðni skráðs aðila um neytingu réttinda skal hún afgreidd eins fljótt og auðið er og almennt eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku slíkrar beiðni.

Telji einstaklingur vinnslu Hópbíla á persónuupplýsingum ekki vera í samræmi við lög eða reglugerðir, getur hann lagt fram kvörtun til Persónuverndar.

## **Samskipti við Hópbíla og við Persónuvernd**

Persónuverndarfulltrúi Hópbíla hefur eftirlit með fylgni við gildandi persónuverndarlög. Hann starfar sem tengiliður vegna erinda sem varða persónuupplýsingar og meðferð þeirra af hálfu Hópbíla, hvort sem um er að ræða fyrirspurnir einstaklinga um vinnslu persónuupplýsinga, ósk þeirra um að fá aðgang að eigin persónuupplýsingum eða önnur erindi sem varða réttindi skráðra einstaklinga gagnvart Hópbílum samkvæmt gildandi persónuverndarlögum.

Hægt er að hafa samband við persónuverndarfulltrúa Hópbílar með því að senda tölvupóst á netfangið [hopbilar@hopbilar.is](mailto:hobilar@hopbilar.is) eða í síma 599-6000. Jafnframt má hafa samband með bréfpósti en þá skal umslagið merkt persónuverndarfulltrúanum.

Ábendingum vegna öryggismála, t.d. vegna veikleika eða öryggisbrests á vegum Hópbílar, mega jafnframt beina til persónuverndarfulltrúa.

Komi upp ágreiningur um meðferð persónuupplýsinga er unnt að senda kvörtun til Persónuverndar með því að senda tölvupóst á netfangið: [postur@personuvernd.is](mailto:postur@personuvernd.is) eða með því að senda bréfpóst til: Persónuvernd, Rauðarárstígur 10, 105 Reykjavík, Ísland.